

# Leiðbeiningar um hvernig skuli sótt um verkefnið Fræðslustjóri að láni

Verkefnið „Fræðslustjóri að láni“ byggist á að lána út mannauðsráðgjafa, sérhæfðum í vinnustaðafraeðslu og óformlegri menntun, til fyrirtækja

Samstarfsaðilar Starfsafls í þessu verkefni eru 7 aðrir starfsmenntasjóðir og skilyrði er að fyrirtækið hafi starfsmenn innan Flóabandalagsins og/eða annara félaga innan Starfsgreinasambandsins og/eða VR.

Þjónustan er fyrirtækjum að kostnaðarlausu en fyrirtæki utan Samtaka atvinnulífsins greiða 10% af kostnaði.

## Hvernig er sótt um fræðslustjóra að láni ?

1. Fyrirtæki, sjóðir eða ráðgjafi á vegum sjóða/setra getur haft frumkvæði að verkefninu.
2. Sótt er um verkefnið á sameiginlegri vefgátt sjóðanna.
3. Sjóðir samþykkja fjármögnun verkefnisins og ráðgjafi er valinn.
4. Samningur um verkefnið undirritaður.
5. Markmið verkefnisins er að nota rýnihópavinnu með starfsfólki til þess að skilgreina fræðsluþarfir og skrifa fræðsluáætlun fyrirtækisins.
6. Ráðgjafi vinnur með stjórnendum að því að skilgreina markmið fyrirtækisins í verkefninu.
7. Stýrihópur/fræðslunefnd úr hópi starfsmanna er settur á fót og skipað er í rýnihópa.
8. Ráðgjafi stýrir rýnihópavinnu, fer yfir niðurstöður og leggur drög að fræðsluáætlun í samvinnu við stjórnendur fyrirtækis.
9. Ráðgjafi eða fulltrúi fyrirtækisins kynnir fræðsluáætlun fyrir stjórnendum og starfsfólki fyrirtækisins.
10. Fyrirtækið hefst handa við að innleiða fræðsluáætlunina.
11. Ráðgjafi hefur samband innan tveggja mánaða og heyrir hvernig gengur að vinna með fræðsluáætlunina.